



Reykjavík, 3. júní 2021
SFS2021060015
210. fundur
HG/gs

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga um breytingu á reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A og B hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerð verði breyting á 8. gr. í reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta og 12. gr. reglna um B hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

Gerð verði breyting á **8. gr.** framangreindra reglna vegna A hluta sem nú er svohljóðandi:

Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er $2/3$ styrksins greiddur út og $1/3$ við skil greinagerðar.

Ákvæðið verði svohljóðandi:

Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er $1/3$ styrksins greiddur út og $2/3$ við skil greinagerðar

Gerð verði breytinga á **12. gr.** framangreindra reglna vegna B hluta sem nú er svohljóðandi:

Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er $2/3$ styrksins greiddur út og $1/3$ þegar lokaskýrsla eða áfangaskýrsla í þeim verkefnum sem ná yfir lengri tíma, hefur verið samþykkt.

Ákvæðið verði svohljóðandi:

Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er $1/3$ styrksins greiddur út og $2/3$ þegar lokaskýrsla eða áfangaskýrsla í þeim verkefnum sem ná yfir lengri tíma, hefur verið samþykkt.

Greinargerð:

Í fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs eru 200 m.kr. til úthlutunar til styrkja á grundvelli reglna um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A og B hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

Framlögum samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar vegna þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ hefur verið skipt samkvæmt gildandi reglum um styrkina:

A-hluti. 150 milljónum verður úthlutað til grunnskóla, leikskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita út frá einföldu og skýru umsóknarferli. Fjárhæðir styrkja eru ákveðnar út frá reiknireglu sem tekur til fjölda árlegra stöðugilda, barnafjölda og rekstrarumfangs

B-hluti. 50 milljónum verður úthlutað til stærri samstarfsverkefna. Í stærri samstarfsverkefnum verður gerð krafa um þverfaglegt samstarf á milli starfseininga s.s. eins og milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita eða annarra skóla eða starfsstaða innan sem utan hverfis

Í kjölfar umsókna vorið 2020 var miðað við að úthlutun til starfsstaða yrði í samræmi við framangreindar sbr. reglur þannig að 2/3 af fjárhæð yrði úthlutað haustið 2020 og 1/3 yrði úthlutað í lok skólaárs 2020-2021.

Covid-19 hafði mikil áhrif á allt starf skóla- og frístundasviðs árið 2020 og var ekki hægt að fara af stað með þau verkefni sem til stóð, nema að litlum hluta, og því var fjármagni ekki úthlutað til starfsstaða nema til þeirra sem höfðu farið af stað með verkefni.

Fjárheimildir skóla- og frístundasviðs færast ekki á milli ára og því er ekki hægt að nýta þær fjárheimildir sem sviðið var með á árinu 2020 til að ljúka verkefnum sem stefnt var að. Vegna þessa þarf að nýta fjárheimildir 2021 svo hægt sé að standa við þegar úthlutaða styrki til starfsstaða sem vinna að þróunarverkefnum. Forsenda fyrir greiðslu seinni hluta er alltaf sú að fjárheimildir sviðsins verði endurnýjaðar á komandi ár eins og kemur fram í reglum um styrkina.

Ráðstöfun á fjárheimildum 2021 verður með neðangreindum hætti:

1. Að 2/3 af 200 m.kr. fjárheimild 2021 þ.e. 133 m.kr. verði notaðar til að úthluta vegna eftirstöðva fyrra tímabils 2020-2021 (haust 2020) að því marki sem 133 m.kr. duga.
2. Að 1/3 af 200 m.kr. fjárheimild 2021 þ.e. 67 m.kr. verði notaðar sem upphafsgreiðsla fyrir tímabilið 2021-2022. (vor 2021)